66. kirkjuþing 2024-2025
24. mál - þskj. 24a

# T I L L A G A

til þingsályktunar um ársreikning Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2024.

Flm. **Birgir Gunnarsson,** Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson, Rúnar Vilhjálmsson og Þuríður Björg Wiium Árnadóttir.

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir ársreikning Þjóðkirkjunnar, kt. 460169 – 6909, fyrir árið 2024.

Greinargerð.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar fyrir rekstrarárið 2024 hefur verið staðfestur af endurskoðendum KPMG, framkvæmdastjóra og stjórn Þjóðkirkjunnar. Afkoma Þjóðkirkjunnar á árinu 2024 er betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir og sýnir rekstrarreikningur jákvæða niðurstöðu í árslok. Ársreikningurinn sýnir því viðsnúning í rekstri Þjóðkirkjunnar því umtalsvert tap hafði verið á rekstrinum á undanförnum árum. Vísað er til skýrslu framkvæmdastjóra og stjórnar Þjóðkirkjunnar, sem er hluti af ársreikningnum.

Fullgild rafræn undirskrift
ÞURÍÐUR BJÖRG ÁRNADÓTTIR
Kennitala: 211189-3479
2025-03-06 16:02:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÁRNI HELGASON
Kennitala: 020664-2079
2025-03-06 16:03:01 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
RÚNAR VILHJÁLMSSON
Kennitala: 141258-5599
2025-03-06 17:07:07 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
EINAR MÁR SIGURÐARSON
Kennitala: 291051-7319
2025-03-06 19:36:26 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ARNA GRÉTARSDÓTTIR
Kennitala: 250771-4529
2025-03-06 20:20:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR HELGA SVEINSDÓTTIR
Kennitala: 070867-4869
2025-03-06 22:34:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BIRGIR GUNNARSSON
Kennitala: 050263-5419
2025-03-06 22:42:32 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Þjóðkirkjan

# Ársreikningur 2024

Þjóðkirkjan
Borgartún 26
105 Reykjavík

Kt. 460169-6909

# Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Þjóðkirkjan starfar á grundvelli laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningur Þjóðkirkjunnar sýnir að afgangur var á rekstrinum á árinu 2024 sem nemur 426,5 millj. kr. Þetta er talsvert betri afkoma en var á árinu á undan og einnig er þetta umtalsvert betri afkoma en áætlun ársins hafði gert ráð fyrir. Hafa ber í huga að tekjufærður söluhagnaður af sölu fasteigna nemur rúmlega 209,8 millj. kr. sem bætir afkomu ársins sem því nemur. Brýnasta verkefnið í rekstri Þjóðkirkjunnar er að reksturinn sé sjálfbær og skili helst afgangi svo hægt sé að byggja upp varasjóð, sem er mikilvægt til að bregðast við mögulegum áföllum og óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum. Þetta gekk eftir á síðasta ári en þrátt fyrir að það sé ekki markmið í sjálfu sér í rekstri Þjóðkirkjunnar að skila afgangi þá er mikilvægt að safna ekki skuldum. Það er líka mikilvægt að það hvíla engar vaxtaberandi langtímaskuldir á Þjóðkirkjunni. Sala fasteigna í eigu Þjóðkirkjunnar eru einskiptis tekjur sem mikilvægt er að nýta til uppbyggingar á varasjóði Þjóðkirkjunnar.

Laun og launatengd gjöld eru lang stærsti útgjaldaliðurinn en þessi liður hækkar milli ára. Launakostnaður er u.þ.b. 71% af heildarútgjöldum. Árið 2024 var fjöldi stöðugilda 155 að meðaltali samanborið við 157 árið á undan.

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti er handbært fé í árslok 1.624,91 millj. kr. en var í ársbyrjun kr. 1.179,1millj. kr. Handbært fé hækkaði því um liðlega 445,8 millj. kr. milli ára sem er mjög jákvætt og hefur handbært fé því nánast tvöfaldast á tveimur árum sem verður að teljast mjög jákvætt. Handbært fé frá rekstri nam 106,6 millj. kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 4.350,1 millj. kr. Vísast til ársreiknings til frekari skýringar á einstökum liðum.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við Kirkjuþing að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 6. mars 2025

Stjórn:

Rúnar Vilhjálmsson
Arna Grétarsdóttir
Árni Helgason
Einar Már Sigurðarson
Þuríður Björg Wiium Árnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Birgir Gunnarsson

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundi þann 6. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til Kirkjuþings

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðkirkjunnar („félagsins“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.
Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.**

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 6. mars 2025

***KPMG ehf.***

Sigríður Helga Sveinsdóttir

# Rekstrarreikningur árið 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Opinber framlög | | 4.427.900.000 | 4.277.600.000 |
| Leigutekjur | | 108.468.581 | 162.160.944 |
| Aðrar tekjur | 10 | 279.262.769 | 199.902.501 |
| | | 4.815.631.350 | 4.639.663.445 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 11 | 3.209.458.801 | 3.089.023.203 |
| Styrkir og tilfærslur | | 524.153.570 | 490.605.431 |
| Rekstur og viðhald eigna | | 177.200.629 | 354.214.522 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 545.044.651 | 558.086.430 |
| Afskriftir | 13 | 38.439.243 | 43.596.227 |
| | | 4.494.296.894 | 4.535.525.813 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 321.334.456 | 104.137.632 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur og gangvirðisbreyting verðbréfa | | 105.873.445 | 62.371.092 |
| Vaxtagjöld | | ( 730.157) | ( 528.082) |
| | | 105.143.288 | 61.843.010 |
| **Tekjur umfram gjöld** | 16 | 426.477.744 | 165.980.642 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | 5 | 352.433 | 352.433 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 13 | 2.907.183.245 | 3.075.739.432 |
| Skuldabréfaeign | 14 | 19.660.404 | 20.470.120 |
| Fastafjármunir | | 2.927.196.082 | 3.096.561.985 |
| | | | |
| Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar | 14 | 852.769 | 866.262 |
| Skammtímakröfur | 15 | 211.528.818 | 116.900.824 |
| Handbært fé | 9 | 1.624.908.485 | 1.179.095.496 |
| Veltufjármunir | | 1.837.290.072 | 1.296.862.582 |
| | | | |
| **Eignir samtals** | | 4.764.486.154 | 4.393.424.567 |
| | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll | | 5.777.348.887 | 5.350.871.143 |
| Ábyrgðardeild | | 85.115.743 | 85.115.743 |
| Endurmatsreikningur | | ( 1.512.409.362) | ( 1.512.409.362) |
| Eigið fé | 16 | 4.350.055.268 | 3.923.577.524 |
| | | | |
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 68.740.050 | 139.039.866 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 4.207.617 | 3.183.263 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 341.483.219 | 327.623.914 |
| Skammtímaskuldir | | 414.430.886 | 469.847.043 |
| | | | |
| Skuldir samtals | | 414.430.886 | 469.847.043 |
| | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 4.764.486.154 | 4.393.424.567 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | 16 | 426.477.744 | 165.980.642 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | ( 209.739.955) | ( 140.270.885) |
| Afskriftir | 13 | 39.857.534 | 43.596.227 |
| Veltufé frá rekstri | | 256.595.323 | 69.305.984 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 94.627.994) | ( 7.816.748) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 55.416.157) | 36.110.767 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 150.044.151) | 28.294.019 |
| Handbært fé frá rekstri | | 106.551.172 | 97.600.003 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 13 | ( 124.291.347) | 0 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 462.729.955 | 239.333.105 |
| Skuldabréfaeign, breyting | | 823.209 | 825.085 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 339.261.817 | 240.158.190 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 445.812.989 | 337.758.193 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.179.095.496 | 841.337.303 |
| **Handbært fé í árslok** | | 1.624.908.485 | 1.179.095.496 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Þjóðkirkjan („Félagið“) hefur lögheimili að Borgartúni 26 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í tilsjón með kristnihaldi, kenningum kirkjunnar og starfi hennar í landinu.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að fasteignir voru færðar á fasteignamati fram til ársins 2020. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Innlausn tekna

Tekjur vegna opinberra framlaga til rekstarins eru færðar á því tímabili sem þær tilheyra. Leigutekjur eru færðar til tekna í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Arður af hlunnindum er færður til tekna við móttöku og aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## 4. Skattar

Þjóðkirkjan starfar að almannaheillum og er skráð á sérstaka almannaheillaskrá sem Skatturinn heldur. Þjóðkirkjan er því undanþegin greiðslu tekjuskatts, þ.m.t. fjármagnstekjuskatts, samkvæmt 9. tölul. 4. gr. og 4. mgr. 71. gr. laga nr. 90/2003.

## 5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru keyptur hugbúnaður sem færður er á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma sem er 5 ár.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........ | 33 - 100 ár |
| Innréttingar og búnaður ........ | 3-7 ár |

## 7. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Niðurfærsla hefur verið færð í ársreikninginn til að mæta áætlaðri tapsáhættu og er hún dregin frá skuldabréfaeign í efnahagsreikningi.

## 8. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## 9. Handbært fé

Sjóður, óbundnar bankainnstæður sem og innstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## 10. Aðrar tekjur

| Aðrar tekjur greinast þannig: | **2024** | **2023** |
|---|---:|---:|
| Arður af hlunnindum ........ | 31.651.216 | 24.801.560 |
| Söluhagnaður ........ | 209.739.955 | 140.727.287 |
| Ýmsar tekjur og styrkir ........ | 37.871.598 | 34.373.654 |
| Aðrar tekjur samtals ........ | 279.262.769 | 199.902.501 |

# Skýringar

## 11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Laun | 2.577.721.217 | 2.517.570.425 |
| Launatengd gjöld | 598.272.736 | 574.657.282 |
| Breyting á áföllnu orlofi og öðrum launaskuldbindingum | 11.833.963 | ( 13.718.309) |
| Annar starfsmannakostnaður | 21.630.885 | 10.513.805 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 3.209.458.801 | 3.089.023.203 |
| Ársverk | 155 | 157 |

## 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

| | Hugbúnaður |
|---|---|
| Bókfært verð 1.1.2024 | 352.433 |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 352.433 |
| Afskriftahlutföll | 0% |

## 13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

| | Fasteignir | Jarðir | Innréttingar og búnaður | Hlunnindi | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2023 | 2.674.403.087 | 295.605.995 | 100.032.570 | 298.848.000 | 3.368.889.652 |
| Selt á árinu | ( 102.126.000) | | | | ( 102.126.000) |
| Heildarverð 31.12.2023 | 2.572.277.087 | 295.605.995 | 100.032.570 | 298.848.000 | 3.266.763.652 |
| Viðbót á árinu | 112.667.600 | | 11.623.747 | | 124.291.347 |
| Selt á árinu | ( 265.100.000) | | | | ( 265.100.000) |
| Heildarverð 31.12.2024 | 2.419.844.687 | 295.605.995 | 111.656.317 | 298.848.000 | 3.125.954.999 |
| Afskrifað alls 1.1.2023 | 87.095.940 | 0 | 63.395.833 | 0 | 150.491.773 |
| Afskriftir færðar út við sölu | ( 3.063.780) | | | | ( 3.063.780) |
| Afskriftir ársins | 29.432.511 | | 14.163.716 | | 43.596.227 |
| Afskrifað alls 31.12.2023 | 113.464.671 | 0 | 77.559.549 | 0 | 191.024.220 |
| Afskriftir færðar út við sölu | ( 10.691.709) | | | | ( 10.691.709) |
| Afskriftir ársins | 26.543.964 | | 11.895.279 | | 38.439.243 |
| Afskrifað alls 31.12.2024 | 129.316.926 | 0 | 89.454.828 | 0 | 218.771.754 |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 2.458.812.416 | 295.605.995 | 22.473.021 | 298.848.000 | 3.075.739.432 |
| Bókfært verð 31.12.2024 | 2.290.527.761 | 295.605.995 | 22.201.489 | 298.848.000 | 2.907.183.245 |
| Afskriftahlutföll | 1-3% | 0% | 15-30% | 0% | |

### Fasteignamat og brunabótamat

Fasteignamat fasteigna nam 2.854,9millj. kr. í árslok 2023 og brunabótamat nam 7.476,7 millj. kr. á sama tíma.

## 14. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Skuldabréf frá Jöfnunarsjóði sókna | 7.313.173 | 8.136.382 |
| Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar | 10.316.574 | 10.316.574 |
| Reykholtsstaður ehf. | 13.200.000 | 13.200.000 |
| Skuldabréfaeign samtals | 30.829.747 | 31.652.956 |
| Afskriftareikningur vegna varúðarniðurfærslu | ( 10.316.574) | ( 10.316.574) |
| Næsta árs afborganir skuldabréfaeignar | ( 852.769) | ( 866.262) |
| Skuldabréfaeign samkvæmt efnahagsreikningi | 19.660.404 | 20.470.120 |

Afborganir skuldabréfaeignar greinist þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir árið 2025/2024 | 852.769 | 866.262 |
| Afborganir árið 2026/2025 | 848.101 | 866.262 |
| Afborganir árið 2027/2026 | 768.101 | 861.593 |
| Afborganir árið 2028/2027 | 768.101 | 781.593 |
| Afborganir árið 2029/2028 | 768.101 | 781.593 |
| Síðar | 26.824.574 | 27.495.653 |
| Afborganir skuldabréfaeignar samtals | 30.829.747 | 31.652.956 |

## 15. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 2024 | 2023 |
|---|---|---|
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | 47.615.747 | 46.301.093 |
| Viðskiptakröfur | 117.803.729 | 26.637.535 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 35.273.811 | 36.311.039 |
| Endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts | 9.439.728 | 6.255.354 |
| Aðrar skammtímakröfur | 1.395.803 | 1.395.803 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 211.528.818 | 116.900.824 |

## 16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Höfuðstóll | Ábyrgðar-deild | Endurmats-reikningur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 31.12.2023 | 5.184.890.501 | 85.115.743 | ( 1.512.409.362) | 3.757.596.882 |
| Gjöld umfram tekjur á árinu | 165.980.642 | | | 165.980.642 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 5.350.871.143 | 85.115.743 | ( 1.512.409.362) | 3.923.577.524 |
| Tekjur umfram gjöld á árinu | 426.477.744 | | | 426.477.744 |
| Eigið fé 31.12.2024 | 5.777.348.887 | 85.115.743 | ( 1.512.409.362) | 4.350.055.268 |

## 17. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningar félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningar eru tímabundnir í 5-10 ár.

Rekstrarleigugjöld námu 18,3 millj. kr. á árinu. Þau eru færð í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir ónúvirtar framtíðarleigugreiðslur félagsins næstu ár. Í töflunni er ekki tekið tillit til framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

| | **2024** |
|---|---|
| Leigugreiðslur árið 2025 | 41.878.008 |
| Leigugreiðslur árið 2026 | 41.878.008 |
| Leigugreiðslur árið 2027 | 41.878.008 |
| Leigugreiðslur árið 2028 | 41.878.008 |
| Leigugreiðslur árið 2029 | 38.449.128 |
| Síðar | 117.343.700 |
| Rekstrarleigugreiðslur samtals | 323.304.860 |

## 18. Önnur mál

### Málaferli og kröfur

Dómur féll í héraðsdómi á árinu 2024 vegna bótakrafna eftir að embætti var lagt niður. Niðurstaða héraðsdóms var að fallist væru á bótaskyldu sem nemur launum í 5 ár en aðalkrafan er um bætur í 12 ár. Báðir aðilar áfrýjuðu málinu til Landsréttar.

### Ábyrgðir

Félagið er ábyrgt fyrir lánum sókna sem voru styrkhæfar samkvæmt lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld. Nema ábyrgðir í árslok 2024 108,1 millj. kr.

# Sundurliðanir

| | 2024 | 2023 |
|---|---:|---:|
| **Rekstur og viðhald eigna** | | |
| Rafmagn og hiti | 3.288.994 | 4.528.838 |
| Fasteignagjöld og vatnsskattur | 34.927.772 | 33.359.039 |
| Öryggisgæsla | 404.723 | 381.348 |
| Þrif | 590.160 | 1.074.226 |
| Viðhald fasteigna | 130.518.104 | 291.468.809 |
| Tryggingar | 509.447 | 357.570 |
| Arður | 2.027.844 | 677.172 |
| Uppgjör ábúenda | 1.500.000 | 13.683.427 |
| Annar kostnaður | 3.433.585 | 8.684.093 |
| | 177.200.629 | 354.214.522 |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 2.577.721.217 | 2.517.570.425 |
| Lífeyrissjóður | 320.513.054 | 304.446.812 |
| Sjóðagjöld | 84.330.365 | 81.297.307 |
| Tryggingagjald | 187.288.572 | 183.552.807 |
| Hlutdeild í launum | 1.639.022 | 0 |
| Dagpeningar | 3.073.176 | 6.748.395 |
| Styrkir | 5.881.305 | 5.360.356 |
| Breyting á áföllnu orlofi og öðrum launaskuldbindingum | 11.833.963 | ( 13.718.309) |
| Annar starfsmannakostnaður | 17.178.127 | 3.765.410 |
| | 3.209.458.801 | 3.089.023.203 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Viðhald og rekstur | 1.663.043 | 1.128.435 |
| Húsaleiga | 56.953.785 | 141.365.779 |
| Tryggingar | 8.802.682 | 7.924.415 |
| Sorphirða | 23.041 | 31.028 |
| Hreinlætisvörur og ræsting | 3.639.613 | 3.302.802 |
| Hússjóður | 2.656.375 | 9.840.158 |
| Sími og burðargjöld | 20.656.921 | 14.570.329 |
| Ritföng og prentun | 1.779.705 | 1.714.656 |
| Tímarit | 18.040 | 136.316 |
| Bókhald og reikningsskil | 39.601.726 | 21.047.443 |
| Sérfræðiaðstoð | 192.419.305 | 160.996.608 |
| Ferðakostnaður | 16.006.087 | 13.508.034 |
| Kaffikostnaður | 11.383.225 | 11.028.053 |
| Námskeið | 62.860 | 1.046.000 |
| Auglýsingar | 8.270.264 | 2.327.820 |
| Flutningskostnaður | 6.484.358 | 4.454.433 |
| Viðhald áhalda | 0 | 29.408 |
| Keypt áhöld og rekstrarvörur | 1.267.062 | 6.353.722 |
| Rekstur tölvukerfis | 51.411.808 | 57.195.776 |
| Aðkeyptur akstur og bílaleigubílar | 50.614.813 | 56.170.408 |
| Rekstur bifreiða | 13.610.815 | 8.906.085 |
| Funda- og viðskiptakostnaður | 7.189.959 | 6.500.498 |
| Styrkir og gjafir | 1.155.357 | 185.124 |
| Risna | 0 | 12.400 |
| Félagsgjöld | 4.118.302 | 5.522.731 |
| Ýmsir styrkir | 17.646.766 | 2.416.085 |
| Rekstrarframlag vegna Tónskóla Þjóðkirkjunnar | 20.000.004 | 16.253.520 |
| Tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 456.402 |
| Annar kostnaður | 7.608.735 | 3.661.962 |
| | 545.044.651 | 558.086.430 |